

Náttúrufræðistofnun Íslands - Vatnaheiðarleið

**Gróðurfar og fuglalíf á Vatnaheiðarleið
á Snæfellsnesi**

**Kristbjörn Egilsson (ritstj.), Guðmundur Guðjónsson,
Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jóhann Óli Hilmarsson**

Unnið fyrir Vegagerðina í Borgarnesi

NÍ-98026

Reykjavík, nóvember 1998



Náttúrufræðistofnun Íslands



NÍReykjavík x
Akureyri

Skýrsla nr NÍ-98026	Dags, Mán, Ár nóv.1998	Dreifing <input type="checkbox"/> Opin x Lokuð til júlí 1999
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Gróðurfar og fuglalíf á Vatnaheiðarleið á Snæfellsnesi		Upplag 20 Fjöldi síðna 31
Höfundar Kristbjörn Egilsson (ritstj.) Guðmundur Guðjónsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jóhann Óli Hilmarsson		Verknúmer
Unnið fyrir Vegagerðina í Borgarnesi Auðunn Hálfðanarson		
Samvinnuaðilar VSÓ Stefán Gunnar Thors og Halldóra Hreggviðsdóttir		
Útdráttur Fjallað um gróðurfar, gróðurkort, gróðurlendi, háplöntur, mosa og fuglalíf á áætluðum vegi á svokallaðri Vatnaheiðarleið á Snæfellsnesi. Leiðin er 14 km löng og liggur um Dufgusdal, austan Baulárvallavatn og um Sátudal að Berserkjahrauni.		
Lykilorð Gróðurkort, háplöntur, mosar, varpfuglar, umhverfismat, vegagerð, náttúruminjar	Yfirfarið	

ÁGRIP

Vorið og sumarið 1998 gerði Náttúrufræðistofnun Íslands rannsóknir á gróðurfari og fuglalífi á svokallaðri Vatnaheiðarleið á Snæfellsnesi vegna hugsanlegrar vegarlagningar. Verkið var unnið fyrir Vegagerðina í Borgarnesi. Leið þessi sem er 14 km löng liggur um Dufgusdal, austan Baulárvallavatns og um Sátudal að Berserkjahrauni.

Landið sem veginum er ætlað að liggja um er víðast hvar vel gróið. Suðurhlutinn er nær algróinn og ástand gróðurs yfirleitt gott. Gróðurhulan er gisnari á norðurhlutanum og allra nyrst er lítt gróinn melur á um 1 km kafla. Votlendi og kvistlendi eru algengustu gróðurlendin en hluti hugsanlegrar veglínu liggur einnig um mosapambu og grösugt þurrlandi. Landið er lítið spillt af skurðum og vegum.

Háplöntur voru skráðar á vettvangi á þar til gerða lista. Alls fundust 119 tegundir auk ættkvíslar túnfífla. Háplöntutegundir sem fundust á svæðinu eru allar algengar á landsvísu nema tvær. Þetta eru *sóldögg* og burkninn *skollakambur*. Fundarstaður skollakambs efst í Dufgusdal er fyrsti fundarstaður hans á Snæfellsnesi.

Samtals fannst 51 mosategund á svæðinu en búast má við að þar finnist fleiri tegundir við nánari skoðun. Tveir mosar teljast sjaldgæfir á landsvísu. Þetta eru *hómosi* og *flekkulápur*. Mýrin við Dal er fyrsti fundarstaður þeirra á Vesturlandi.

Fuglalíf er talsvert á Vatnaheiðarleið og þéttleiki sumra mófuglategunda í hærra lagi samanborið við hliðstæð svæði annars staðar á landinu. Þar er nú ekki að finna neina verulega sjaldgæfa tegund. Líklegt er að himbrimi verpi við Baulárvallavatn og straumendur er allalgengir varpfluglar á efsta hluta Straumfjarðarár. Þar er mesta straumandarþéttbýli á Snæfellsnesi og ef til vill á öllu Vesturlandi. Ernir urpu í Smjörhnúk í Seljafelli fram undir 1920 en sá staður er upp af hugsanlegum vegi í Dufgusdal.

Alls hafa 32 tegundir fugla verið skráðar á Vatnaheiðarleið og er líklegt að um 25 þeirra hafi orpið á svæðinu. Mófluglar setja langmestan svip á svæðið og eru heiðlóa og þúfutittlingur þeirra algengastir. Nokkuð er um sendlinga upp af Selvallavatni.

Hluti vegarstæðisins að norðanverðu tengist Berserkjahrauni og næsta nágrenni sem er á Náttúruminjaskrá þar sem jarðfræðiminjar og landslag eru talin sérstök.

Votlendið á Mýrum og Vesturlandi er gróskumikið og tegundaauðugt og hefur mikið gildi á landsvísu. Mýrarnar á Vatnaheiðarleið eru hluti af því. Almennt má segja að óheppilegt sé að raska votlendi á þessum slóðum og alls ekki eigi að ræsa fram fleiri mýrar.

Náttúrufræðistofnun telur að sterk rök þurfi til að réttlæta það að leggja nýjan veg yfir nær óraskað og vel gróið land á Vatnaheiðarleið þegar til staðar er vegur um Kerlingaskarð sem hefur sett sín mörk á umhverfið. Samanburður við hugsanlegar endurbætur á núverandi vegi um Kerlingarskarð er hins vegar erfiður vegna þess að litlar upplýsingar eru til um náttúrufar á því svæði og þá einna helst um fuglalíf.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	2
EFNISYFIRLIT	3
1 INNGANGUR	4
2 STAÐHÆTTIR	4
3 GRÓÐUR	5
3.1 Gróðurfar	6
3.1.1 Suðurhluti Vatnaheiðarleiðar (Dufgusdalur)	6
3.1.2 Norðurhluti Vatnaheiðarleiðar (Sátudalur)	8
3.2 Háplöntuflóra	9
3.3 Mosaflóra	12
3.4 Áhrif vegaf framkvæmda á gróður	12
4 FUGLAR	13
4.1 Fuglar á Vatnaheiðarleið	13
4.1.1 Mófuglar	14
4.1.2 Aðrir fuglar	19
4.2 Fuglar á Baulárvallavatni og Straumfjarðará	19
4.3 Fuglar á Kerlingarskarðsleið	19
4.4 Áhrif vegaf framkvæmda á fuglalíf	20
5 NÁTTÚRUVERND OG MARKVERÐIR STAÐIR	20
6 ÁLYKTANIR	20
7 MÓTVÆGISAÐGERÐIR OG AÐRAR ÁBENDINGAR	21
8 RITASKRÁ	23
VIÐAUKAR	
1. viðauki. Háplöntuflóra á Vatnaheiðarleið á Snæfellsnesi	24
2. viðauki. Mosar sem safnað var á Vatnaheiðarleið á Snæfellsnesi	27
3. viðauki. Mat á þéttleika mófugla á Vatnaheiðarleið	28
TÖFLUR	
1. tafla. Fuglar sem skráðir hafa verið á Vatnaheiðarleið	14
2. tafla. Þéttleiki mófugla á Vatnaheiðarleið	15
MYNDIR	
1. mynd. Þekkt útbreiðsla skollakambs (<i>Blechnum spicant</i>)	10
2. mynd. Þekkt útbreiðsla sóldaggar (<i>Drosera rotundifolia</i>)	10
3. mynd. Þekkt útbreiðsla hómosa (<i>Loeskyppnum badium</i>)	11
4. mynd. Þekkt útbreiðsla flekkuláps (<i>Lophozia grandiretis</i>)	11
5. mynd. Þéttleiki og fjöldi mófuglategunda á Vatnaheiðarleið	16
6. mynd. Þéttleiki þúfutittlings á Vatnaheiðarleið	17
7. mynd. Þéttleiki heiðlóu á Vatnaheiðarleið	18
KORT	
1. kort. Vatnaheiðarleið. Gróðurkort	31

1 INNGANGUR

Hinn 22. júní 1998 fór VSÓ ráðgjöf þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands, fyrir hönd Vegagerðarinnar í Borgarnesi, að gerði yrði áætlun um rannsóknir á gróðri og fuglalífi á svokallaðri Vatnaheiðarleið á Snæfellsnesi vegna hugsanlegrar vegarlagningar. Í bréfi dagsettu 26. júní 1998 sendi Náttúrufræðistofnun VSÓ ráðgjöf verk- og kostnaðaráætlun sem VSÓ ráðgjöf samþykkti símeiðis samdægurs. Markmið þessarar náttúrufræðiskonunnar var að afla upplýsinga um gróðursamfélög, tegundafjölbreytni háplantna og fuglalíf vegna mats á umhverfisáhrifum hugsanlegrar vegarlagningar.

Gengið var með hugsanlegri veglínu vegna gróðurrannsókna í seinni hluta júlí og í byrjun ágúst (Guðmundur Guðjónsson og Kristbjörn Egilsson). Stuðst var við veglínukort frá Vegagerðinni og gróður- og jarðakort í mælikvarða 1:25.000 sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins (Rala) gaf út 1987 og 1988. Skráðar voru háplöntur og gróðurlendum lýst frekar en fram kemur á gróðurkortunum. Auk þess var safnað sýnum af mosum, en þá þarf að greina til tegunda á rannsóknastofu. Bergþór Jóhannsson mosafræðingur Náttúrufræðistofnunar greindi mosana og safnaði hluta þeirra.

Rannsóknir á fuglum fóru fram 26.–27. júní og 8. ágúst 1998 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jóhann Óli Hilmarsson). Í fyrri ferðinni var veglínan um Vatnaheiði gengin og fuglar taldir á sniði eftir henni endilangri á 100 m breiðu belti til hvorrar handar. Einnig var hugað að fuglum við veginn um Kerlingarskarð og á Baulárvatni. Í seinni ferðinni var gengið upp Dufgusdal meðfram Straumfjarðará, frá Dal að Baulárvallavatni og meðfram Köldukvísl frá Gæshólum og niður að Straumfjarðará.

Samstarfsmenn og tengiliðir fyrir hönd VSÓ ráðgjafar voru Stefán Gunnar Thors og Halldóra Hreggviðsdóttir og fyrir hönd Vegagerðarinnar Auðunn Hálfðanarson.

2 STADHÆTTIR

Hugsanleg Vatnaheiðarleið verður 14 km löng og liggur frá þjóðvegi númer 56 við Dal í Miklaholtshreppi að vegi númer 57 um Berserkjahraun, norðan við Gráukúlu í Helgafellssveit. Leiðin liggur um Dufgusdal (Dökkólfssdal) meðfram Straumfjarðará og austan Baulárvalla- og Selvallavatns. Veglínan er að mestu í fjallsrótum Seljafells og Hafrafells og endar austan við Gráukúlu. Landið er vel gróið og að mestu ósnortið af völdum manna. Í þessari skýrslu notum við heitið Vatnaheiðarleið fremur en vegur um Vatnaheiði enda liggur núverandi vegur, sem jafnan er kenndur við Kerlingarskarð, einnig um Vatnaheiði, skv. málvenju heimamanna. Guðbrandur Sigurðsson bóndi á Svelgsá í Helgafellssveit (1872–1962) þekkti þetta svæði afar vel og lýsti því svo: „Vatnaheiði heitir allstórt heiðarland í Snæfellsnesfjallgarðinum, og liggur þjóðbrautin Kerlingarskarð yfir hana austanverða. Heiðin er að miklu leyti umgirt háum fjöllum. Að austan er Kerlingarfjall, Grímsfjall og hálendið suður af Grímsfjalli. Að sunnan Seljafell, Urðarmúli og Snæfellsneshálendið. Að vestan Nípufjöll. En að norðan Hafrafell og fjall sem Horn heitir.“ (Guðbrandur Sigurðsson 1967). Í ljósi þessa er lagt til að vegarstæðið verði kennt við Baulárvelli.

3 GRÓÐUR

Áður en vettvangsvinna hófst var safnað tiltækum upplýsingum um gróður á athugunarsvæðinu. Stafræn gögn með hugsanlegu vegarstæði og mælistöðvum voru fengin frá Vegagerð ríkisins (1997). Útgefin gróður- og jarðakort í mælikvarða 1:25.000 (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1987, 1988) voru skönnuð og síðan tengd veglínunni með vörpun. Notuð voru frumgögn vegna gróðurkortagerðarinnar, svo sem loftmyndir og filmur með ítarlegri gróður- og landgreiningu. Einnig var kannað hvort eitthvað annað hefði verið skráð um plöntur og gróðurfur svæðisins. Gróður- og jarðakort með vegarstæðinu og mælistöðvum var síðan prentað út og notað við vettvangsvinnu. Gróðurkortíð (1. kort) fylgir samanbrotið aftast í þessari skýrslu.

Gróður- og landgreining á gróðurkortunum er byggð á flokkunarlykli hefðbundinna gróðurkorta sem Steindór Steindórsson (1981) lagði grunninn að, en þar er gróður flokkaður eftir ríkjandi tegundum.

Við gróðurathuganir var gengið eftir hugsanlegu vegarstæði frá suðri til norðurs og fylgt mælistikum sem Vegagerðin hafði komið fyrir á veglínunni. Á leiðinni voru skráðar allar háplöntutegundir sem fundust og sýni tekin af mörgum tegundum mosa. Gróðurfur þess lands sem áætlað er að vegurinn liggja um og næsta nágrenni var athugað sérstaklega með tilliti til sérstæðra gróðursamfélaga og tegundafjölbreytni háplantna.

Gróðurfarið sem sýnt er á meðfylgjandi gróðurkortu (1. kort) er nokkuð einfaldað frá upphaflegri gróður- og landgreiningu sem skráð var á loftmyndir (í mælikvarða 1:20.000 og 1:36.000). Gróðursamfélög hafa verið sameinuð í stærri einingar sem falla að þeim mælikvarða sem kortið var teiknað í, þ.e. 1: 25.000.

Á gróðurkortinu sést vel hvar veglínan liggur um votlendi og þurrland Vatnaheiðarleiðar. Votlendinu er skipt niður í þrjá flokka eftir rakastigi: F fyrir flóa, M fyrir mýri og J fyrir jaðar eða hálfdeigju. Þurrlandi er flokkað eftir því hvort um er að ræða grösugt land, kvistlendi eða mosapembu. Þurrlandi er einnig flokkað eftir gróðurþekju, þ.e. hálfgróið land með gróðurþekju frá 1/3 til 2/3 og algróið land sem hefur meiri gróðurþekju en 2/3. Land sem hefur minni gróðurþekju en 1/3 telst lítt- eða ógróið og er það flokkað eftir landgerð. Á athugunarsvæðinu eru melar eina landgerðin sem fellur undir flokkinn lítt- eða ógróið land.

Umfjöllun um gróðurfur hefst við mælistöð 2500, þar sem áætlaður vegur yfir Vatnaheiði vikur út frá veginum yfir Kerlingaskarð. Vegarstæðinu er skipt upp í 8 mislanga númeraða vegarkafla og byggist sú skipting á mismunandi gróðurfari eins og það kemur fram á gróðurkortinu. Gróðurfari á og í næsta nágrenni við vegarstæðið er síðan lýst með vísan til mælistöðvanna sem einnig eru merktar á kortið. Lýsingin er ítarlegri en sést á kortinu. Staldráð er við sérstæð gróðursamfélög og sjaldgæfar plöntur þar sem slíkt er að finna. Gróðurfarslýsingunni er skipt í tvo hluta; suður- og norðurhluta, eftir því sem vötnum hallar.

3.1 Gróðurfar

Land það sem ætlunin er að leggja veginn um er yfirleitt vel gróið. Suðurhlutinn er nær algróinn en gróðurhulan er gisnari á norðurhlutanum sem er þurrari og meira áveðurs. Allra nyrst er lítt gróinn melur á um 1 km kafla. Votlendi og kvistlendi eru algengustu gróðurlendin en hluti af hugsanlegri veglínu liggur einnig um mosapembu og grösugt þurrlendi. Í lesmálinu hér á eftir verða nöfn á gróðurlendum og númer mælistöðva feitletruð.

3.1.1 Suðurhluti Vatnaheiðarleiðar (Dufgusdalur)

Fyrstu 8,5 km leiðarinnar hallar landi til suðurs. Lengsti vegarkafli kemur til með að liggja um Dufgusdal austan Straumfjarðarár. Landið á þessum hluta leiðarinnar er blautt og mjög vel gróið. Suðurhlutanum er skipt upp í 5 vegarkafla.

1. vegarkafli. Þar sem áætlaður vegur liggur út af þjóðveginum við stöð 2500 og að Köldukvísl við stöð 3800, liggur hann um fjölbreytt lítt snortið votlendi. Milli stöðva 2500 og 3500 er samfelld og afar gróskumikið votlendi, að undanskilinni einni grýttri meltotu með 10% þekju lyng- og blómplantna, sem ranglega er merkt á kortinu sem hálfgróið kvistlendi. Votlendið er að jafnaði nokkuð blautt en rakastigið breytilegt, allt frá tiltölulega þurri **mýri með mýrastör og klóffu (U4)**, upp í bletti með forblautum **klóffu- og vetrarkvíðastararfloa (V3–V5)** með horblöðku á stangli og mosategundinni mýrakrækju.

Tiltölulega blaut **mýri með mýrastör og tjarnastör (U19)** er einnig áberandi á þessum kafla eins og víðar á suðurhluta leiðarinnar. Mýrastör og tjarnastör eru ríkjandi en með þeim vaxa vetrarkvíðastör, hengistör, horblaðka, mýrafinningur, engjarós, mýrelfting og klóffu. Þúfur er flestar þaktar mosum, einkum af ættkvíslinni *Sphagnum*. Má þar nefna rauðbura, bleytubura, sveigbura og vörtubura. Þarna fundust einnig tvær sjaldgæfar mosategundir; hómosi og flekkulápur (sjá kafla 3.3 um mosaflóru). Í þúfunum vaxa einnig ýmsar háplöntutegundir t.d. bláberjalyng, krækilyng, fjalldrapi, mýrfjóla, brjóstagras, gulvíðir, friggjargras, lokasjóður, krossmaðra, blávingull og síðast en ekki síst sóldögg, en um hana verður fjallað sérstaklega í kafla 3.2 um háplöntuflóru.

Á 300 m kafla áður en komið er að Köldukvísl er land minna en hálfgróið, nokkuð grýtt með lyngi og mosa. Á stuttum kafla fer veglínan yfir **mýri með mýrastör og tjarnastör (U19)** en við bakka Köldukvíslar er **mýri með mýrastör og klóffu (U4)** og **graslendi (H1)**.

2. vegarkafli. Þegar komið er yfir Köldukvísl tekur við votlendi á um 2,5 km kafla, frá stöð 3800 að stöð 5300. Á milli stöðva 4000 og 4500 mun vegurinn þó liggja utan í nær ógrónum holtum; í jaðri þeirra er mjó ræma af **lyngmóa með krækilyngi og bláberjalyngi (B1)** og **graslendi með finnungi (H6)**. Síðarnefnda gróðurhverfið bendir til þess að talsverð snjóþyngsli séu á þessum slóðum og sama má segja um lyngmóann (**B1**), þar sem aðalbláberjalyng var áberandi með öðrum lyngtegundum.

Votlendið á þessum hluta leiðarinnar er ekki eins blautt og það sem er á 1. vegarkaflanum. Stærsti hluti þess flokkast sem mýrlendi, en stöku flóablettir finnast. Gróðursamfélögin eru eftirfarandi: **Mýri með mýrastör og tjarnastör (U19)** er útbreiddasta gróðurhverfið, en í því er fjalldrapi mjög áberandi tegund. Aðrar

áberandi fylgitegundir eru mýrafinningur, bláberjalyng, krækilyng, vetrarkvíðastör, hengistör og gulstör. U19 er að finna syðst á svæðinu á milli stöðva 3800 og 4000. Stórt samfellt svæði er einnig norðar á milli stöðva 4550 og 5050. **Mýri með mýrastör og hengistör (U1)** og **mýri með mýrastör og klóffu (U4)** eru einnig algengar á þessum kafla og þar er einnig að finna mýrafinningu, bláberjalyng, krækilyng, vetrarkvíðastör, hengistör og gulstör. **Hengistarafloa (V4)** er að finna milli stöðva 4000 og 4150. Þar eru fjalldrapi, bláberjalyng og krækilyng áberandi. Nyrst í þessu votlendi á milli stöðva 5050 og 5300 er blautur **fífluflói (V3)** að mestu umlukinn þurrlendi. Sá hluti flóans sem næstur er jaðri þurrlendisins flokkast sem **flói með klóffu, bláberjalyngi og fjalldrapa (V8)**, vegna þess að þar er landið dálítið þýft. Klóffan vex í blautum sverðinum en smárunnarnir í þúfnakollunum sem eru þurrari.

3. vegarkafli. Hann liggur um Dufgusdal á um 2 km kafla á milli stöðva 5300 og 7350. Þarna liggur áætlað vegarstæði að mestum hluta við fjallsræturnar í jaðri votlendis. Áður en komið er að votlendinu milli stöðva 5300 og 5860 er **lyngmói með krækilyngi og bláberjalyngi (B1)** ríkjandi með lítt- eða ógrónum melkollum inni á milli. Landið er gróið að 2/3 hlutum nema næst mýrinni, þar sem mosapamba er merkt á kortinu, þar er landið minna en hálfgróið.

Næsta hálfan annan kílómetra, í jaðri votlendisins milli stöðva 5860 og 7350 skiptast á votlendi og þurrlendi. Meirihluti áætlaðs vegar mun þó lenda í votlendinu sem er að mestu **mýri með mýrastör og tjarnastör (U19)**. Önnur gróðurhverfi sem koma fyrir í votlendinu eru **mýrastör og gulstör (U8)**, **mýrastör og klóffa (U4)**, **flói með klóffu (V3)** og **jaðar með hrossanál, störum og grösum (T2)**. Þurrendisgróðurhverfi sem veginum er ætlað að liggja um eru **grös með störum (H2)** á mosaríkum skriðuvæng og **graslendi (H1)** í brekku við fjallsræturnar. Á stuttum kafla mun áætlaður vegur fara yfir **mosapambu með stinnastör og smárunnum (A3)**.

4. vegarkafli. Hann liggur meðfram Straumfjarðará 1,5 km leið allt inn í dalbotn milli stöðva 7350 og 8900. Á þessum kafla ber gróðurfarið áberandi merki um minna beitarálag og meiri snjóþyngsli en neðar í dalnum.

Fyrstu 100 m á þessum vegarkafli liggja yfir illa gróinn **lyngmóa með krækilyngi og bláberjalyngi (B1)**. Þar eru melkollar með fjölbreyttum bersvæðisgróðri hér og þar innan um lyngið. Við stöð 7450 tekur við 250 m langur kafli með **graslendi (H1)**. Tegundasamsetning háplantna (sauðamergur, blágresi og lyngjafni) bendir til þess að þarna sé sérstaklega snjóþungt fram eftir vori. Á næsta 200 m kafla er **graslendi með smárunnum (H3)**, **lyngmói með bláberjalyngi, krækilyngi og víði (B7)** og **mýri með mýrastör með klóffu (U4)**. Síðan kemur meira en 400 m kafla á milli stöðva 8350 og 8750 með sömu gróðurhverfum. Auk þess er þarna **graslendi með finnungi (H6)** sem er einkennandi gróðurhverfi fyrir snjóþung svæði. Næstu 150 m þar sem landið fer að hækka í botni dalsins, er **mýri með mýrastör og hengistör (U1)**, en þar er klóffa einnig áberandi.

Við mælistöð 8550 vex burknategundin skollakambur og myndar hann burknastóð í lækjargili sem liggur þvert á stefnu vegarins. Skollakambur hefur ekki áður fundist í þessum landshluta svo vitað sé (kafla 3.2 háplöntuflóra). Í sjóðældinni vaxa með

skollakambinum tegundir sem þola mikil snjóalög t.d. finnungur, þrílaufungur, skarífífill, aðalbláberjalyng, bugðupunktur, bláberjalyng og brennisóley.

Á þessum slóðum gaf líka að líta breiðu af blómstrandi blágresi sem ber vott um lítið beitarálag og snjóþyngsli.

5. vegarkafli. Hann nær frá stöð 8900 undir fjallsrótunum austan Baulárvallavatns, að stöð 10950, sem er við vegarslóðann sem liggur frá Kerlingarskarðsvegi að vötnunum. Þó að syðri hluti þessa vegarkafli virðist samkvæmt gróðurkortinu liggja um velgróna mosapembu, liggur hann í reynd um talsvert votlendi.

Mosapemban sem veglínan liggur um milli stöðvar 8900 og stöðvar 9800 er aðallega **mosapemba með smárunnum (A4)** gróin að 2/3. Þar er jarðvegurinn þunnur, en landið ofan við brekkubrúnina er að gróa upp. Áberandi eru krækilyng, grasvíðir, bláberjalyng, móasef, stinnastör, vallhæra, geldingahnappur, kornsúra, fjallapunktur, blávingull, blóðberg og lambagras.

Inni á milli í mosapembunni eru votlendisblettir sem veglínan liggur yfir en auðvelt ætti að vera að sveigja veginn hjá þeim. Í votlendinu er **klóffuflói (V3)** og **mýri með mýrastör og tjarnastör (U19)**. Milli stöðva 9800 og 10950 eða á 1,2 km, kafla fer veglínan um nær samfellt votlendi. Þar er algengasta gróðurhverfið **mýri með mýrastör og tjarnastör (U19)** sem er tiltölulega blautt af mýri að vera. Á þessum spotta eru einnig nokkrir blautari flóablettir t.d. **flói með klóffu, bláberjalyngi og fjalldrapa (V8)**, **flói með vetrarkvíðastör (V5)** og **flói með klóffu (V3)**.

3.1.2 Norðurhluti Vatnaheiðarleiðar (Sátudalur)

Þar sem mýrinni sleppir sunnan við stöð 10950 er vatnaskilum náð og eftir það fer landi að halla til norðurs. Á þeim liðlega 5 km sem eftir eru af leiðinni er rýrari gróður en áður. Þar eru mosapemba og lyngmói algeng gróðurlendi en votlendi er sjaldgæft. Norðurhluta leiðarinnar er skipt í 3 vegarkafla.

6. vegarkafli. Hann liggur um Sátudal austan ár milli stöðva 10950 og 13500 og er um 3,5 km. Gróðurhulan er nokkuð rofin, en að meðaltali má ætla að þekjan sé um 60–70%. Gismust er gróðurþekjan á fyrstu 500 metrunum, varla nema 30–40%. Þar eru ríkjandi **lyngmói með krækilyngi og bláberjalyngi (B1)** og **graslendi með finnungi (H6)** sem er eins og fyrr greinir einkennandi fyrir snjóðældir. Á næstu 3 km ríkja til skiptis **mosapemba með smárunnum (A4)** og **lyngmói með krækilyngi og bláberjalyngi (B1)**. Nokkrir litlir votlendisblettir eru á þessum kafla, þ.e. **mýri með mýrastör og klóffu (U4)**.

7. vegarkafli. Næst síðasti vegarkafli (1,5 km) er í hlíðinni fyrir ofan Selvallavatn milli stöðva 13500 og 14950. Gróðurþekjan er að meðaltali um 75%. Gróðurhverfið sem er mest áberandi er **lyngmói með bláberjalyngi, krækilyngi og víði (B7)**. Bláberjalyng er orðið ríkjandi í stað krækilyngs sem bendir til meiri snjóþyngsla. Önnur gróðurhverfi eru **graslendi (H1)**, **mosapemba með smárunnum (A4)** og tvö votlendishverfi, þ.e. **mýri með mýrastör (U5)** og **mýri með mýrastör og klóffu (U4)**.

8. vegarkafli. Áætlað er að hann liggi milli stöðva 14950 og 16350 að þjóðvegi númer 57 og er á tiltölulega flötu og lítt grónu landi. Á meginhluta svæðisins, eða allt

að stöð 16200, er gróðurþekjan ekki nema um 10%. Þar er ljónslappi áberandi tegund en að öðru leyti er um að ræða algengan bersvæðagróður. Síðustu 150 metrana áður en komið er að þjóðveginum er gróðurþekjan nokkuð samfelld en þar er um að ræða óvenju mosaríkt **graslendi með smárunnum (H3)**.

3.2 Háplöntuflóra

Háplöntur voru skráðar á vettvangi á þar til gerða lista. Alls fundust 119 tegundir auk ættkvíslar túnfífla. Talið er að á Íslandi vaxi 458 tegundir að meðtöldum 20 tegundum undanfífla (Hörður Kristinsson 1986, Bergþór Jóhannsson 1989). Á rannsóknasvæðinu er því að finna um fjórðung íslensku flórunnar. Í 1. viðauka, aftast í skýrslunni, er listi yfir þær tegundir háplantna sem voru skráðar eða safnað á svæðinu.

Háplöntutegundir sem fundust á svæðinu eru allar algengar á landsvísu nema tvær. Þetta eru *söldögg* og burkninn *skollakambur*.


Skollakambur (*Blechnum spicant*) er bundinn við snjóþung svæði og er algengastur á láglandi, jafnvel niður undir sjó. Hann vex í snjóðældabollum og gilskorningum. Skollakamb er einkum að finna í útsveitum yst á skögunum beggja vegna Eyjafjarðar, á nokkrum svæðum á Vestfjörðum og nyrst á Austfjörðum (1 mynd). Fundarstaður skollakambs á Vatnaheiðarleið er nýr eins og að framan greinir og sá eini sem þekktur er á Snæfellsnesi.

Skollakambur er burkni af skollakambsætt. Blöðin eru sígræn og vaxa upp af sterkum jarðstöngli. Þau eru fjaðurskipt eða djúpflípött með 30–45 heilrendum odddregnum bleðlum hvorum megin. Gróbæru blöðin eru frábrugðin, upprétt og fjöðruð, eins og tvíhliða kambur í lögun. Bleðlar þeirra eru örmjóir með gróhirslum í samfelldum línum á neðra borði. Gróblöðin þroskast ekki alltaf.


Söldögg (*Drosera rotundifolia*) er ein þeirra tegunda sem á í vök að verjast vegna gengdarlausrar framræslu votlendis. Hún er fremur sjaldgæf á landinu í heild og víða finnst hún alls ekki (2. mynd).

Á Íslandi vaxa þrjár tegundir jurta sem veiða smádyr sér til matar. Söldögg er ein þeirra. Hinar eru lyfjagras, sem er algeng tegund, og blöðrujurt, sem er orðin afar sjaldgæf.


Söldögg er af sóldaggarætt. Kjörlendi hennar er í mýrum og vex hún aðallega á þúfum sem myndaðar eru af mosum af barnamosætt (*Sphagnum* spp.). Öll er jurtin smávaxin, blöðin eru rauðleit og liggja þétt saman í hvirfingu niður við svörð. Þegar blöðin eru skoðuð nánar sést að þau eru þakin löngum kirtilhárum, einkum á röndum




1. mynd. Þekkt útbreiðsla skollakambs (*Blechnum spicant*). Heimild: Gagnabanki Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þríhyrningur á Snæfellsnesi táknar nýjan fundarstað.



2. mynd. Þekkt útbreiðsla sóldaggar (*Drosera rotundifolia*). Heimild: Gagnabanki Náttúrufræðistofnunar Íslands.



3. mynd. Þekkt útbreiðsla hómosa (*Loeskyphum badium*). Heimild: Gagnabanki Náttúrufræðistofnunar Íslands.



4. mynd. Þekkt útbreiðsla flekkuláps (*Lophozia grandiretis*). Heimild: Gagnabanki Náttúrufræðistofnunar Íslands.

og er slímdropi á hverjum hároddi. Ef smádyr sest á blaðið, sem er freistandi þar sem það er rautt og minnir á blóm, auk þess sem frá því leggur daufan hunangsilm, festist það í slíminu. Við snertinguna taka kirtilhárin umhverfis fluguna að hreyfast og sveigjast yfir hana og festa hana enn betur þannig að hún á sér ekki undankomu auðið. Síðan tekur kirtilsafinn að leysa dýrið upp og plantan sýgur til sín þau efni sem koma henni að gagni. Þegar dýrið er melt rétta kirtilhárin úr sér og blaðið er á ný reiðubúið til að tæla til sín næsta gest. Blóm sóldaggar standa nokkur saman eða eru stök á stöngulendanum, og eru oftast lokuð nema í sólskini. Krónublöðin eru hvítleit. Hæð plöntunnar er 3–8 sm.

3.3 Mosaflóra

Auk háplantna vex á svæðinu fjöldi mosa-, flétu- og sveppategunda. Þegar svæðið var skoðað kom í ljós að athyglisverð mosaflóra virtust vera í mýrinni við Dal, á sama svæði og sóldöggin vex á. Áætlað er að leggja veginn um suðurhluta þessa svæðis. Tekin voru mosasýni handahófskennt af til skoðunar á rannsóknastofu. Niðurstaðan varð sú að Bergþór Jóhannsson mosafraeðingur fór á staðinn til að kanna svæðið betur. Samtals fannst 51 mosategund á svæðinu (2. viðauki) og búast má við að þarna leynist enn fleiri tegundir. Tvær tegundir teljast sjaldgæfar.

Hómosi (*Loeskyppnum badium*) hefur aðeins fundist á örfáum stöðum á Vestfjarðakjálkanum og á vestanverðu Norðurlandi (3. mynd). Mýrin við Dal er fyrsti fundarstaður tegundarinnar á Vesturlandi. Hómosinn er lítt áberandi og ekki auðfundinn. Oftast vaxa aðeins örfá eintök á hverjum stað innan um aðra mosa.

Flekkulápur (*Lophozia grandiretis*) hefur áður aðeins fundist á örfáum stöðum á Miðhálandinu og á norðausturhluta landsins (4. mynd). Þetta er fyrsti fundarstaður flekkuláps á Vesturlandi. Hann vex í mýrum og við vötn og læki. Líklegt er að tegundin eigi eftir að finnast víðar til fjalla um norðanvert landið. Flekkulápurinn er fremur auðfundinn, sé hans leitað sérstaklega.

3.4 Áhrif vegaf framkvæmda á gróður

Hugsanlegum vegi um Dufgusdal og Sátudal er ætlað að liggja yfir algróið land að mestu. Þarna er bæði óspillt votlendi með mýrum og flóum og þurrlandi með gróskulegum lyngmóum. Við vegarlaginguna mun því fara til spillis gróið land sem nemur veginum og nánasta umhverfi hans. Hingað til hefur gróðri þarna lítið sem ekkert verið raskað af mannavöldum og eykur það á gildi svæðisins sem lítt snortið land.

Fjórar tegundir plantna; skollakambur, sóldögg, hómosi og flekkulápur, eru sjaldgæfar á svæðinu og hætt er við að þeim verði útrýmt nema fyllstu aðgátar verði gætt við framkvæmdir.

4 FUGLAR

Fremur lítið var vitað um fuglalíf á Vatnaheiði og nágrenni og engar athuganir voru til af stórum hluta hugsanlegs vegarstæðis. Lítils háttar upplýsingar um fuglalíf voru til úr Kerlingarskarði og frá Baulárvallavatni. Byggðust þær aðallega á athugunum frá 19. júní 1996 (KHS) og 7. júlí 1986 (Ólafur K. Nielsen og Skarphéðinn Þórisson). Flogið var yfir Baulárvallavatn í fuglaleit hinn 22. júlí 1996 (KHS). Árni Waag Hjálmarsson (1979, óbirt) gekk 29. júní 1957 upp Hjarðarfellsdal að Gæshólum og þaðan að Baulárvallavatni og niður með allri Straumfjarðará. Árni var sá eini sem hafði kannað fuglalíf á Dufgusdal til þessa. Loks má geta þess að talsvert var vitað um fugla við Selvallavatn og byggist það einkum á athugunum Trausta Tryggvasonar allt frá því um 1970, sem varðveittar á Náttúrufræðistofnun Íslands, en einnig athugunum 19. júní 1996 (KHS). Selvallavatn var aðeins skoðað úr fjarlægð sumarið 1998.

Beiðni um rannsóknir á fuglalífi sumarið 1998 bar brátt að og því var aðeins hægt að skoða fugla að áliðnum varptíma (27. júní). Æskilegt hefði verið að gera þær athuganir 2–3 vikum fyrir vegna þess að sumar fuglategundir verða lítt áberandi þegar líða tekur á sumarið. Því er hætt við því að einhverjar þeirra hafi verið vanskráðar. Engu að síður var ákveðið að meta þéttleika mófugla með talningum á sniðum og fór sú athugun fram 27. júní. Öll veglínin var gengin frá núverandi vegi ofan við Dal (stöð 2400) norður að veginum um Berserkjahraun (stöð 16300). Allir fuglar sem sáust voru taldir og athugunum skipt í tvennt; fugla sem sáust innan 100 m beltis beggja vegna veglínunnar og fugla utan þess beltis. Einnig var metið hvort fuglarnir sýndu varpatferli. Fylgt var mælistikum og fuglar skráðir á 200 m löngum köflum í senn (3. viðauki). Við úrvinnslu á sniðtalningum var í samantekt gagna gengið út frá sömu 8 vegarköflunum og í lýsingu á gróðurfari (sjá 3. kafla).

Hinn 27. júní 1998 var einnig hugað að fuglum á Baulárvallavatni og Straumfjarðará skoðuð sérstaklega á um 2 km kafla neðan útfalls. Þá voru fuglar á ánni skoðaðir samhliða sniðtalningu eftir því sem tók voru á. Í þessari ferð var einnig hugað lauslega að fuglum meðfram núverandi vegi um Kerlingarskarð. Í seinni ferðinni, 7. ágúst 1998, var gengið meðfram Straumfjarðará, frá Dal að Baulárvallavatni og einnig meðfram Köldukvísl, frá Gæshólum og niður að Straumfjarðará. Seinni ferðin var einkum farin til að huga að varpi vatnafugla í grennd við þær veglínur sem rætt hefur verið um. Þau kort og stafrænu gögn sem stuðst var við er getið í kaflanum um gróður (3. kafla).

4.1 Fuglar á Vatnaheiðarleið

Land er vel gróið á stórum hluta leiðarinnar og votlendi er víða, einkum í Dufgusdal. Fuglalíf er talsvert og þéttleiki sumra mófugla er í hærra lagi samanborið við hliðstæð svæði annars staðar á landinu. Þar er nú ekki að finna neina verulega sjaldgæfa tegund; líklegt er að himbrimi verpi við Baulárvallavatn og straumendur er allalgengir varpfuglar á efsta hluta Straumfjarðará. Við ána er mesta straumandarþéttbýli á Snæfellsnesi og ef til vill á öllu Vesturlandi. Ernir urpu í Smjörhnúk í Seljafelli fram undir 1918 en sá staður er upp af hugsanlegum vegi í Dufgusdal.

Alls hafa 32 tegundir fugla verið skráðar á Vatnaheiðarleið og er líklegt að um 25 þeirra hafi orpið. Algengir mófuglar setja mestan svip á svæðið og eru heiðlóa og

Þúfuttlingur algengastir. Nokkuð er um sendlinga upp af Selvallavatni og kringum Baulárvallavatn en þeir eru strjálir en útbreiddir varpfuglar hér á landi (1. tafla).

4.1.1 Mófuglar

Þéttleiki mófugla var metin með talningum á 200 m breiðu sniði eftir allri veglínunni, frá núverandi vegi við Dal norður í Berserkjahraun (2. tafla, 3. viðauki). Sumar tegundir mófugla hefja varp um miðjan maí og hafði því dregið mjög úr söng og annarri varp hegðun á þeim tíma sem athuganir fóru fram (27. júní). Þetta á einkum við um rjúpu og hrossagauk og er hætt við að þéttleiki þessara tegunda sé verulega vanmetinn. Einnig þarf að telja mófugla snemma dags og helst í logni eða hægum vindi.

1. tafla.

Fuglategundir á Vatnaheiðarleið og í næsta nágrenni

Lómur	Hefur orpið við tjarnir SA Selvallavats (við mælistiku 13000); sást ekki 1998
Himbrimi	Sást á Baulárvallavatni 1996, verpur þar e.t.v. öðru hverju; hefur orpið v/Selv.vatn
Fýll	Sést loft á flugi um svæðið, verpur lítills háttar neðst við Köldukvísl (Tagldarfoss)
Álf	Verpur við Baulárvallavatn og e.t.v. í Dufgusdal; hefur orpið við Selvallavatn
Stökkönd	Verpur í neðanverðum Dufgusdal og hefur sést við Baulárvallavatn
Straumönd	Allalgengur varpfugl efst við Straumfjarðará
Hávella	Sást á Baulárvallavatni sumarið 1996; verpur þar e.t.v.
Toppönd	Sást á Baulárvallavatni sumarið 1996; verpur þar e.t.v.
Gulönd	Par sást á Straumfjarðará undir Seljafelli 20. júní 1957; sást ekki 1998
Örn	Varp í Smjörhnúki í Seljafelli til 1918; sést stundum á svæðinu
Smyrill	Stakur fugl í Dufgusdal 29. júlí 1998 (KE)
Fálki	Stakur fugl á flugi 30. júlí 1998 (KE); verpur í nágrenninu
Rjúpa	Strjáll varpfugl
Sandlóa	Strjáll varpfugl meðfram Straumfjarðará í Dufgusdal
Heiðlóa	Algengur varpfugl meðfram allri veglínunni á Vatnaheiðarleið
Sendlingur	Strjáll varpfugl á nyrðri hluta Vatnaheiðarleiðar
Lóupræll	Strjáll varpfugl austan Baulárvallavats og í Dufgusdal
Hrossagaukur	Strjáll varpfugl austan Baulárvallavats og í Dufgusdal
Spói	Allalgengur varpfugl á syðri hluta veglínunnar
Stelkur	Verpur allþétt á einu svæði í Dufgusdal og lítills háttar v/Baulárvallavatn og Selv.v.
Óðinshani	Fugl í varpi ofarlega við Straumfj.á; var algengari 1957 skv. ath. Árna Waag
Kjói	Eitt par í varpi á veglínunni austur af Baulárvallavatni; auk þess stakir fuglar
Hettumáfur	Nokkrir fuglar á flugi um svæðið í júní 1998
Sílamáfur	Fuglar á flugi í júní 1998 (talsverð umferð); sást einnig við Baulárvallavatn
Svartbakur	Fuglar á flugi í júní 1998 (talsverð umferð); sást líka við Baulárvallavatn
Kría	Verpur stundum við Baulárvallavatn; 1 par varp í Dufgusdal; auk þess fuglar á flugi
Þúfuttlingur	Algengasti fuglinn á svæðinu
Mariuerla	Nokkur þör verpa við læki nyrst á veglínunni; hefur orpið við Baulárvallavatn
Steindepill	Afar strjáll varpfugl í holtum syðst á veglínunni
Skógarpröstur	Strjáll varpfugl nyrst á veglínunni
Hrafn	Líklegir varpstaðir er ofarlega í Dufgusdal að vestan og vestan í Smjörhnúk
Snjótittlingur	Strjáll varpfugl í grennd við Baulárvallavatn og efst í Dufgusdal

Ekki voru tók á að velja bestu skilyrði til mófuglatalninga vegna lítills fyrirvara á beiðni um rannsóknir; einnig var um stórt svæði að fara (14 km löng veglína). Því eru gæði mófuglatalninganna ekki sem skyldi en við teljum þó að gögnin gefi góðar vísendingar um hvaða tegundir verpa á svæðinu og um hlutfallslegan þéttleika.

Á Vatnaheiðarleið verpa 14 tegundir mófugla en það eru: rjúpa; 8 tegundir vaðfugla: sandlóa, heiðlóa, sendlingur, lóupræll, hrossagaukur, spói, stelkur og óðinshani (við ofanverða Straumfjarðará, utan sniðs) og 5 tegundir spörfugla: þúfutittlingur, maríuerla, steindepill, skógarpröstur og snjótittlingur (2. tafla). Á Vatnaheiðarleið fundust allar mófuglategundir sem búast mátti við, nema jaðrakan, en hann gæti orpið í flóunum ofan við Dal.

Tegundafjölbreytni mófugla var áþekkt á mestalli veglínunni; 5–7 tegundir urpu á einstökum köflum, nema á nyrsta kaflanum sem er lítt gróinn; þar fundust aðeins 2 tegundir (5. mynd). Þéttleiki mófugla (allra tegunda) mældist að jafnaði 56 pör/km² og var allt frá því að vera innan við 10 pör/km² á nyrsta kaflanum og upp í 80–100 pör/km² á þremur köflum (5. mynd).


Þúfutittlingur var algengasta tegundin og yfir helmingur varppara. Meðalþéttleiki hans á veglínunni var yfir 32 pör/km² og yfir 50 pör/km² á einstökum köflum (2. tafla, 6. mynd). Heiðlóur voru næstalgengastar og sáust á mestalli veglínunni. Meðalþéttleiki þeirra var um þriðjungur af þéttleika þúfutittlings eða um 10 km² (2. tafla, 7. mynd). Aðrar tegundir voru mun strjálari og staðbundnari; steindepill sást til dæmis aðeins syðst, skógarpröstur nyrst og snjótittlingur um miðbikið (2. tafla).

2. tafla. Þéttleiki mófugla á hugsanlegri Vatnaheiðarleið 27. júní 1998. Lengd sniðs: 3,9 km, breidd: 200 m (2,78 km²). Tölur tákna pör/km² (hlutfall para innan sviga). Byggt á 3. viðauka. + tákna að tegund hafi aðeins sést utan 200 m beltis.


Tegund	Snið (km)								Alls (% af pörum)
	2400– 3800 (1,4)	3800– 5400 (1,6)	5400– 7400 (2,0)	7400– 8800 (1,4)	8900– 11000 (2,1)	11000– 13400 (2,4)	13400– 15000 (1,6)	15000– 16300 (1,3)	
Rjúpa					2,4				0,4 (1)*
Sandlóa	3,6		5,0						1,1 (2)
Heiðlóa	10,7	9,4	2,5	17,9	4,8	12,5	18,8	3,8	10,4 (17)
Sendlingur						4,2	6,3		1,4 (3)
Lóupræll	+	+	2,5		2,4				0,7 (1)
Hrossagaukur			+	2,5	7,1			3,1	1,4 (3)*
Spói	21,4	+	+		4,8	+	+		3,6 (6)
Stelkur	+		12,5			+	+		1,8 (3)
Þúfutittlingur	53,6	12,5	35,0	50,0	35,7	16,7	53,0	3,8	32,2 (57)
Maríuerla						2,1			0,4 (1)
Steindepill	3,6	+							0,4 (1)
Skógarpröstur							3,1		0,4 (1)
Snjótittlingur				+	4,8	6,3			1,8 (3)
Alls (pör/km²)	92,9	31,3	60,0	82,1	54,8	41,7	103,8	7,6	56,2 (99)
Tegundir á sniði	7	6	7	5	6	7	7	2	13 teg.

* Þéttleiki líklega mun meiri; mat á þéttleika fór fram of seint á varptíma.


Þéttleiki og tegundasamsetning mófugla á þeim hlutum Vatnaheiðarleiðar sem eru vel gróinir virðist vera álíka og á sæmilega grónum láglandssvæðum, t.d. í Borgarfirði og á Suðurlandsundirlendi (sbr. Jóhann Óli Hilmarsson 1998). Þetta á meðal annars við um þúfutittling og heiðlóu. Hluttur hrossagauks á Vatnaheiðarleið var þó mun minni en gera mátti ráð fyrir og stafar það vafalaust af því hversu seint athuganir fóru fram en hrossagaukar eru mest áberandi (hneggja) um mánaðamót maí–júní.



5. mynd. Þéttleiki og fjöldi mófuglategunda á Vatnaheiðarleið. Stór hringur táknar 82-104 þör/km², miðlungshringur 31-60 þör/km² og lítil hringur 8 þör/km². Tölur í hringjum sýna fjölda mófuglategunda sem komu fram á hverjum vegkafla. Byggt á 2. töflu.



6. mynd Þéttleiki þúfuttittings á Vatnaheiðarleið. Stór hringur táknar 35-54 þör/km², Miðlungshringur 13-17 þör/km² og lítil hringur 2-5 þör/km². Byggt á 2. töflu.



7. mynd. Þéttleiki heiðlóu á Vatnaheiðarleið. Stór hringur táknar 18-19 pör/km², miðlungshringur 13-17 pör/km² og lítill hringur 2-5 pör/km². Byggt á 2. töflu.

4.1.2 Aðrir fuglar

Auk mófuglanna sást nokkrar aðrar tegundir á Vatnaheiðarleið, á eða við hugsanlega veglínu. Flestar þeirra virtust þó aðeins vera gestir á svæðinu (1. tafla). Eitt kjóapar hafði hreiðrað um sig austan við Baulárvallavatn og lómur hefur orpið við tjarnir skammt frá vegarstæðinu við stöð 13000; hann sást þar ekki sumarið 1998.

4.2 Fuglar á Baulárvallavatni og Straumfjarðará

Baulárvallavatn er fremur djúpt og athyglisvert fyrir þær sakir að þar er einungis að finna urriða (Hilmar B. Malmquist, munnl. uppl.). Fuglalíf hefur verið fátæklegt á vatninu þegar það hefur verið skoðað á undanförmum árum: 19. júní og 22. júlí 1996; 27. júní og 8. ágúst 1998. Himbrimar, stokkendur, hávellur og toppendur hafa sést á varptíma og gætu orpið þar, a.m.k. stundum. Enginn þessara fugla sást sumarið 1998. Einnig hafa kríur sennilega orpið við vatnið sumarið 1996.

Endur og hugsanlega álfir verpa meðfram Straumfjarðará. Straumendur eru algengastar en þær hafast einungis við allra efst á ánni; á 500–1000 m kafla neðan við útfallið. Hinn 27. júní sást alls 38 fuglar (32 fullorðnir steggir, 2 ungir steggir og 4 kollur, en þess má geta að kollurnar hafa flestar verið lagstar á egg á þessum tíma. Hinn 8. ágúst voru þar tvær kollur með unga og þrjár ungalasur. Þetta er mesta straumandarþéttbýli sem vitað er um á Snæfellsnesi.

Álfarpar með unga sást á Baulárvöllum sunnan vatnsins og annað ungalaut við tjörmina vestan ár í Dufgusdal. Þá sást stökkandarkolla með unga við Straumfjarðará neðarlega í Dufgusdal í ágúst 1998. Gulandarpar sást á Straumfjarðará neðan við Seljafell 20. júní 1957 og gæti gulönd orpið á svæðinu; hún sást ekki 1998.

4.3 Fuglar á Kerlingarskarðsleið

Hinn 27. júní 1998 var hugað lauslega að fuglum meðfram veginum á Kerlingarskarðsleið og hinn 7. ágúst sama ár var gengið meðfram Köldukvísl, frá Gæshólum að upptökum árinna í Straumfjarðará. Einnig er hér stuðst við athuganir Árna Waag frá 20. júní 1957 og athuganir 19. júní 1996 (KHS).

Gróður er mun minni á Kerlingarskarðsleið en víðast hvar á Vatnaheiðarleið, einkum þó nyrst, frá Rauðukúlu og suður fyrir Gæshóla. Gróðurlitlir vikrar og naktar hliðar setja svip á þennan hluta leiðarinnar. Á þessu svæði verpur strjálíngur af þúfuttlingum, steindeplum, snjótittlingum, heiðlóum og stöku sandlóu. Við Gæshóla verpa auk áðurnefndra tegunda: sendlingar, spóar og stelkar. Þar hafa auk þess sést á varptíma: stokkendur (1957 og 1996), hávellur (2 pör 1957) og óðinshana (1957).

Á syðri hluta Kerlingarskarðsleiðar er mun meiri gróðurþekja en norðar og Hjarðarfellsdalur er vel gróinn. Fuglalíf þar er lítt þekkt en það virðist vera talsvert m.a. urpu sendlingar við Fossá árið 1957. Við Köldukvísl verpa maríuerlur og straumendur (kolla með unga í ágúst 1998). Þar sást einnig músarrindill í ágúst 1998 en óvíst er hvort hann verpur á þeim slóðum. Fýlar verpa í gilinu við Tagldarfoss, neðst í Köldukvísl; a.m.k. 8 stálpaðir ungar sást í hreiðrum í ágúst 1998. Þá hafa hrafnar orpið á tveimur stöðum; austan í Seljafelli og í gili Köldukvíslar og fálfar á einum stað á Kerlingarskarðsleið.

Neðan við Köldukvíslargil (við Lynghól) hefur verið lagt til að sveigja veginn út í mýrlendið til að forðast krappar beygjur í brekkunni. Á þessu svæði verpa m.a. spói og þúfutittlingur (eru algengir), lóupræll, hrossagaukur og stelkur. Líklega er fuglalíf þarna áþekkt og á 1. kafla Vatnaheiðarleiðar (sbr. 2. töflu).

4.4 Áhrif vegaf framkvæmda á fuglalíf

Verði vegur lagður um Dufgusdal verður talsverð röskun á búsvæðum fugla sem hingað til hefur lítt verið raskað. Þetta á einkum við mýrlendi, því erfitt virðist að leggja veg um þetta svæði, án þess að raska því verulega; vegurinn mun þar skera í sundur víðáttumikla mýrafláka og að öllum líkindum raska flóknu kerfi linda og vatnsrása, þrátt fyrir að skurðgrefti verði haldið í lágmarki. Þær tegundir sem þannig gætu misst varp- og fæðusvæði eru allar algengir varfuglar. Vegurinn mun færa Baulárvallavatn í þjóðbraut og þar mun umferð fólks á efa aukast talsvert í kjölfarið. Fuglalíf við vatnið er fábrotið og því mun vegur um þessar slóðir litlu breyta að því leyti. Öðru máli gegnir um straumandarvarpið við útfall Straumfjarðarár; þar er mesta straumandarþéttbýli á Snæfellsnesi og e.t.v. hið mesta á Vesturlandi. Líklegt er að vaxandi umferð gæti valdið truflun í þessu straumandarvarpi en þangað er nú fáfarið.

Ef vegur verður byggður upp á Kerlingarskarðsleið má telja víst að sú framkvæmd hafi mun minni áhrif á lífríki (fugla og gróður) en vegur um Dufgusdal. Það veltur að vísu á þeirri leið sem valin verður um skarðið, en allt að helmingur leiðarinnar liggur um lítt eða illa gróið svæði þar sem fátt er fugla.

5 NÁTTÚRUVERNÐ OG MARKVERÐIR STAÐIR

Norðurhluti rannsóknasvæðisins er á Náttúruminjaskrá Náttúruverndarráðs (1996) með eftirfarandi lýsingu: „Berserkjahraun; Hraunsfjörður og nálæg vötn... (1) Berserkjahraun allt og Hraunsfjörður innan Seljaodda ásamt Selvallavatni, Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni. (2) Stórbrotið apalhraun með gíghólum og söguminjum, Berserkjagötu og Berserkjadys. Lífaudugar fjörur, veiðivötn. Kjörið útivistarsvæði.” Áætlaður vegur mun m.a. liggja um Sátudal en hann er sunnan við Berserkjahraun og er innan ofangreinds svæðis; þar eru merkar jarðfræðiminjar og landslagsgerðir.

Í votlendinu í Dal vaxa þrjár sjaldgæfar plöntutegundir: sóldögg og mosarnir hómosi og flekkulápur. Við mælistöð 8550 er eini fundarstaður skollakambs á Snæfellsnesi. Straumandarvarpið við útfall Straumfjarðarár er hið mesta á Snæfellsnesi.

6 ÁLYKTANIR

Vatnaheiðarleið er vel gróin og ástand gróðurs yfirleitt gott. Auk þess er landið lítt spillt t.d. af skurðum og vegum. Hugsanlegum vegi er ætlað að liggja yfir nær algróið land. Hluti svæðisins að norðanverðu tengist auk þess Berserkjahrauni sem er á Náttúruminjaskrá en þar eru jarðfræðiminjar og landslag sem talið er sérstakt.

Núverandi vegur yfir Kerlingarskarð hefur verið lagður yfir gróið land að hluta þar sem lægst er, en einnig fer hann yfir lítt gróið svæði á stórum kafla. Svæðið sem

núverandi vegur fer yfir hefur þegar verið raskað. Þetta þarf að hafa í huga þegar metið er hvort nauðsynlegt sé að færa veginn. Erfitt er að bera saman, með tilliti til gróðurfars og fuglalífs, þá tvo kosti að leggja nýjan veg á Vatnaheiðarleið eða byggja upp veginn um Kerlingarskarð vegna þess að sambærilegar upplýsingar um náttúrufar á síðarnefnda svæðinu vantar. Náttúrufræðistofnun telur að sterk rök þurfi til réttlæta það að leggja nýjan veg yfir nær óraskað gróið land þegar fyrir hendi er önnur veglína á svæði sem þegar hefur verið raskað verulega.

Votlendi á Vesturlandi er gróskumikið og tegundaaúðugt og hefur mikið gildi á landsvísu. Mýrarnar á Vatnaheiði tilheyra því. Flest þessi votlendi hafa verið kortlögð og nú er verið að vinna að lokafrágangi af gróðurkortum af stærstum hluta þeirra. Að öðru leyti eru votlendissvæðin enn lítt könnuð, t.d. með tilliti til tegundafjölbreytni háplantna, mosa og smádýra. Í hvert skipti sem einhver mýraspildan er skoðuð með tilliti til tegundafjölbreytni kemur eitthvað nýtt í ljós, þannig að segja má að gildi þessara votlendissvæða aukist við hverja skoðun. Almennt má segja að óheppilegt sé að raska votlendi á þessum slóðum og alls ekki á að ræsa fram fleiri mýrar.

7 MÓTVÆGISADGERÐIR OG ADRAR ÁBENDINGAR

Ef að vegarlagningu verður ber að forðast að valda skaða á búsvæðum sjaldgæfra tegunda. Nauðsynlegt er að tilnefna sérfróða aðila sem bera ábyrgð á því að hlýtt sé fyrirmælum sem kunna að verða gefin um varðveislu slíkra svæða. Einnig ber að taka tillit til eftirfarandi þátta:

- **Sjaldgæfar tegundir.** *Söldög* er tegund sem hefur verið að hopa um allt land vegna framræslu. Sterkasta vígi hennar er Vesturland. Ekki er hætt á að henni verði útrýmt við vegarframkvæmdirnar einar sér. Ef hins vegar vatnsstaðan í votlendinu þar sem hún vex verður lækkuð, mun hún hverfa úr mýrinni og enn eitt vígi sóldaggar fellur.

Skollakambur vex í skorningi sem áætlað vegarstæði liggur yfir við stöð 8550. Burkninn fannst á um 30 m belti neðan við stikuna og upp undir gamlan veg sem liggur ofan við hugsanlegt vegarstæði. Lagt er til að ef umræddur vegur verður lagður, verði vegarstæðið fært upp eða niður fyrir skollakambinn og þannig gengið frá að hann fái að vaxa áfram á sínum stað án nokkurrar skerðingar.

Ef mýrin við Dal verður þurrkuð munu hómósinn og flekkulápurinn hverfa þaðan en líkur eru á að þeir finnast í votlendi á nálægum svæðum þannig að ekki er talið að þessum tegundum verði útrýmt af svæðinu við framkvæmdina.

- **Verndun votlendis.** Ef Vatnaheiðarleið verður valin til vegarlagningar telur Náttúrufræðistofnun ráðlegt að reyna eftir fremsta megni að sveigja veglínuna frá votlendinu á suðurhlutanum, þar sem þess er kostur. Því er lagt til að færa vegarstæðið frá hugsanlegum stað í votlendinu á 1. vegkaflanum á þurrara svæði. Einnig verður að forðast skurðgröft meðfram fyrirhuguðum vegi.
- **Röskun á landslagi.** Huga þarf sérstaklega að svæðinu við Þverá en þar virðist afar þröngt um veg og ljóst að vegargerð þar myndi valda verulegri landslagsröskun. Við stöð 8700 liggur veglínun til dæmis alltof nærri ánni.

- **Efnistaka.** Þegar athuganir fóru fram lá ekki ljóst fyrir hvar taka á efni í veginn, en greinilega þarf mikið efni til að byggja hann upp. Brýnt er að fara með gát við efnistöku. Lagt er til að efni verði að mestu ekið inn á svæðið á þeim stöðum sem veglínan liggur í graslendi og votlendi.
- **Uppgræðsla á vegarköntum.** Mælt er með því að notaðar verði aðferðir við uppgræðslu sem stuðla að því að gróður í vegarköntum verði sem líkastur gróðri í nágrenninu (grenndargróðri).
- **Samanburður við Kerlingarskarðsleið.** Um tvo kosti er að ræða við vegagerð um Snæfellsnesfjallgarð á þessum slóðum; annars vegar að endurbyggja núverandi veg yfir Kerlingarskarð og hins vegar að leggja nýjan veg yfir nær ósnortið svæði á Vatnaheiðarleið. Ljóst er af lestri gróðurkorts að mun minna gróið land fer undir veg yfir Kerlingarskarð. Einnig er líklegt að mun minna rask verði þar við uppbyggingu vegarins heldur en að brjóta land undir nýtt vegarstæði á Vatnaheiðarleið. Samanburður á þessum tveimur leiðum er hins vegar ekki raunhæfur þar sem veglínan um Kerlingarskarð hefur ekki verið skoðuð með tilliti til tegundafjölbreytni gróðurs og litlar upplýsingar eru um fuglalíf á því svæði. Hér skal þó bent á að viðkvæmasti hlutinn á nýrri Kerlingarskarðsleið er syðsti hlutinn við Köldukvísl. Lagt er til að náttúrufar á Kerlingarskarðsleið verði kannað nánar áður en endanleg ákvörðun um nýtt vegarstæði verður tekin. Hér er einkum átt við úttekt á tegundafjölbreytni háplantna, mat á gróðurlendum og rannsóknir á fuglum.
- **Skrímslið í Baulárvallavatni.** Ekki hefur orðið vart við skrímslið í Baulárvallavatni á undanförunum árum en full ástæða er til að ganga úr skugga um hvort óhætt sé að leggja bílveg svo nálægt vatninu í ljósi voveiflegra atburða (Baulárvallaundrin). Lagt er til að Þorvaldi Friðrikssyni skrímslafræðingi, verði falið að meta þennan áhættuþátt.

8 RITASKRÁ

Árni Waag Hjálmarsson 1979. Fuglalíf í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu Náttúrufræðingurinn 49: 112–125.

Árni Waag Hjálmarsson, óbirt. Minnisgreinar um fuglalíf í Hnappadalssýslu, einkum 1956-1958. Náttúrufræðistofnun Íslands. 81 bls. Handrit.

Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undaflíflar I–III. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar. 502 bls.

Bergþór Jóhannsson 1989-1997. Íslenskir mosar. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 12, 13, 15, 16, 19, 20, 21, 22, 24, 26, 27, 29, 30, 33 og 34.

Bergþór Jóhannsson 1998. Íslenskir mosar, tegundaskrá. Handrit.

Guðbrandur Sigurðsson 1967. Vatnaheiði. Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1967: 117–122.

Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur. Reykjavík. 306 bls.

Jóhann Óli Hilmarsson 1998. Fuglalíf á hugsanlegu vegarstæði Vatnshamravegar milli Andakílsár og Hests. Skýrsla unnin fyrir Vegagerðina í Borgarnesi. 6 bls.

Náttúruminjaskrá 1996. Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. 7. útg. Reykjavík. Náttúruverndarráð. 64 bls.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1987. Gróður og jarðakort, blað 1514 IV SV Lágafellshyrna. Mælikvarði 1:25.000.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1988. Gróður og jarðakort, blað 1514 IV NV Kerlingarskarð. Mælikvarði 1:25.000.

Steindór Steindórsson 1981. Flokkun gróðurs í gróðursamfélög. Íslenskar landbúnaðarrannsóknir. 12,2:bls.11–52

Vegagerð ríkisins 1997. Vatnaheiði grunnmynd. Kort með veglínu útprentað og á stafrænu formi. Mælikvarði 1:10.000.

1. viðauki
Háplöntuflóra á Vatnaheiðarleið á Snæfellsnesi

Íslensk heiti	Latnesk heiti
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blátöppastör	<i>Carex curta</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Brönugras	<i>Dactylorhiza maculata</i>
Bugðupunktur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Einir	<i>Juniperus communis</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Fellaflífill	<i>Hieracium alpinum</i>
Fergin	<i>Equisetum fluviatile</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallakobbi	<i>Erigeron uniflorus</i>
Fjallapunktur	<i>Deschampsia alpina</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Fjalldalafífill	<i>Geum rivale</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Hálfingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Hárdepla	<i>Veronica officinalis</i>
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>
Hrafnaflífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymmanii</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Íslandsfífill	<i>Hieracium islandicum</i>

frh.

1. viðauki frh.
Háplöntuflóra á Vatnaheiðarleið á Snæfellsnesi

Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófifa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Kossmaðra	<i>Galium boreale</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambgras	<i>Silene acaulis</i>
Langkrækill	<i>Sagina saginoides</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Lyngjafni	<i>Lycopodium annotinum</i>
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>
Lækjagrýta	<i>Montia fontana</i>
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Mjaðurt	<i>Filipendula ulmaria</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>
Mýrafinningur	<i>Trichophorum caespitosum</i>
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustris</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>
Nafلاغras	<i>Koenigia islandica</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>
Reyrgresi	<i>Hierochloë odorata</i>
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>
Sérbylisstör	<i>Carex dioica</i>
Skarifiþill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>
Skollafingur	<i>Huperzia selago</i>
Skollakambur	<i>Blechnum spicant</i>
Skriðlíngrasi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Skurfa	<i>Spergula arvensis</i>
Sliðrastör	<i>Carex vaginata</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Sóldögg	<i>Drosera rotundifolia</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Stjörnusteinbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>
Sýkigras	<i>Tofteldia pusilla</i>
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>
Tófu-gras	<i>Cystopteris fragilis</i>
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>
Túnfíflar	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>

frh.

**1. viðauki frh.
Háplöntuflóra á Vatnaheiðarleið á Snæfellsnesi**

Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>
Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Vetrarkvíðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>
Þráðsef	<i>Juncus filiformis</i>
Þrílaufungur	<i>Gymnocarpium dryopteris</i>

Fjöldi tegunda: 119 (auk ættkvíslar túnfífla)

Tegundunum er raðað í stafrófsröð íslenskra heita. Nafngiftir byggjast á Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986) og Íslenskir undafflar I–III (Bergþór Jóhannsson 1989).

2. viðauki

Mosar sem safnað var á Vatnaheiðarleið á Snæfellsnesi

Íslensk heiti	Latnesk heiti
Bleikjukollur	<i>Aulacomnium palustre</i>
Bleytuburi	<i>Sphagnum teres</i>
Brúngepill	<i>Odontoschisma elongatum</i>
Brúnleppur	<i>Scapania hyperborea</i>
Engjaskraut	<i>Rhytidiadelphus squarrosus</i>
Fjallalubbi	<i>Polytrichastrum alpinum</i>
Fjóluburi	<i>Sphagnum subnitens</i>
Flaganaddur	<i>Nardia scalaris</i>
Fleðumosi	<i>Aneura pinguis</i>
Flekkulápur	<i>Lophozia grandiretis</i>
Heiðahnúskur	<i>Kiaeria glacialis</i>
Heiðakrýli	<i>Cephalozia pleniceps</i>
Holtabrúskur	<i>Dicranum flexicaule</i>
Hornaskæna	<i>Mnium hornum</i>
Hómosi	<i>Loeskypnum badium</i>
Hraungambri	<i>Racomitrium lanuginosum</i>
Hrímosi	<i>Pleurozium schreberi</i>
Hýmosi	<i>Blepharostoma trichophyllum</i>
Keldudepill	<i>Cinclidium stygium</i>
Kelduhnokki	<i>Bryum pseudotriquetrum</i>
Keldulápur	<i>Lophozia rutheana</i>
Melagambri	<i>Racomitrium ericoides</i>
Móabrúskur	<i>Dicranum scoparium</i>
Móasigð	<i>Sanionia uncinata</i>
Móatrefja	<i>Ptilidium ciliare</i>
Mýrabendill	<i>Riccardia latifrons</i>
Mýrabrandur	<i>Campylium stellatum</i>
Mýrabrúskur	<i>Dicranum bonjeanii</i>
Mýragyrðill	<i>Calypogeia sphagnicola</i>
Mýrahnúði	<i>Oncophorus wahlenbergii</i>
Mýrakrækja	<i>Scorpidium revolvens</i>
Mýralarfi	<i>Barbilophozia kunzeana</i>
Mýralápur	<i>Lophozia bantriensis</i>
Mýraleppur	<i>Scapania irrigua</i>
Pollabendill	<i>Riccardia comedryfolia</i>
Rauðburi	<i>Sphagnum warnstorffii</i>
Rekilmosi	<i>Paludella squarrosa</i>
Roðakló	<i>Warnstorfia sarmentosa</i>
Scilmosi	<i>Straminergon stramineum</i>
Skáhaki	<i>Tritomaria quinqueidentata</i>
Skjallmosi	<i>Pseudobryum cinclidioides</i>
Stafðoppa	<i>Pseudocalliergon trifarium</i>
Sveigburi	<i>Sphagnum subsecundum</i>
Tildurmosi	<i>Hylocomium splendens</i>
Tjarnakrækja	<i>Scorpidium scorpioides</i>
Urðalarfi	<i>Barbilophozia hatcheri</i>
Urðaskraut	<i>Rhytidiadelphus loreus</i>
Vætubrúskur	<i>Dicranum angustum</i>
Vætukrýli	<i>Cephalozia bicuspidata</i>
Vætuvæskill	<i>Cephaloziella hampeana</i>
Vörtuburi	<i>Sphagnum papillosum</i>
Fjöldi tegunda: 51	

Tegundunum er ræðað í stafrófsröð íslenskra heita. Nafngiftir byggjast á Íslenskum mosum (Bergþór Jóhannsson 1989–1998) og Tegundaskrá íslenskra mosa 1998 (Bergþór Jóhannsson 1998).

3. viðauki, frh.

Stöð	Lýsing	Rjúpa		Sandlóa		Heiðlóa		Sendlingur		Lóupræll		Hrossagaukur		Spói		Stelkur		Kjói	Púfufittlingur		Maríu-erla		Steindepill		Skógarpróstur		Snjófittlingur		
		200m	200m	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan
7400-7600	mói - mýri - melur			1	1										1					3									
7600-7800	lyngmói, mýrasund			1								1								3									
7800-8000	mólendi með melablettum													1						2	1								
8000-8200	mólendi með melablettum			1										1						1									
8200-8400	mólendi með melablettum														1					2									
8400-8600	mýri, lyngheiði, mói			1																2								2	
8600-8800	mýri, grýttur lyngmói; 8700: vegur of nærri á			1								1								1								1	
7400-8800	alls			5	1							2		2	2					14	1							3	
8900-9100	þemba - holt - hér skipt í oddatölur									1	1									2								2	
9100-9300	grýtt þemba - mýrasund- grýtt holt umhverfis																			1									
9300-9500	þemba - grýtt			1						1										1									
9500-9700	þemba - mýri			1	1					1					1					3									
9700-9900	holt - þemba í mýrafláka																			2									
9900-10100	mýri															1				1	1								
10100-10300	mýri															1				2									
10300-10500	mýri																			1									
10500-10700	mýri													1															
10700-10900	mýri	1			1									1						1	1								
10900-11000	falleg mýri; melur við 10950														1					1									
8900-11000	alls	1		2	2			1	3					2	4				1	15	1							2	
11000-11200	melar, mói, mýri 1010																												
11200-11400	hálfgr. melur, lyngmói, rofabörð														1													2	
11400-11600	sama																												
11600-11800	allvel gróinn melur			1																1									
11800-12000	lyngmói með melablettum			2					1																				
12000-12200	sama + lítið árgil, nær vatnslaust								1											1		1							
12200-12400	lyngmóar m/mýra-& melabl.+snjóðældum			1																2								1	
12400-12600	lyngmóar																												
12600-12800	lyngmóar			1																1									
12800-13000	lyngm./melar, áin innan 100m, vatnsmeiri en ofar			1																1									
13000-13200	lyngm./brokflói m. litlum tjörunum																			1									
13200-13400	lyngmóar				1														1	1									
11000-13400	alls			6	1			2							1				1	8		1						3	

3. viðauki, frh.

Stöð	Lýsing	Rjúpa		Sandlóa		Heiðlóa		Send- ingur		Lóupræll		Hrossa- gaurur		Spói		Stelkur		Kjóí		Púfu- tittlingur		Mariu- erla		Steindepill		Skógar- bróstur		Snjó- tittlingur		
		200m	200m	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	200m	utan	
13400-13600	sama + áin				1										1					2										
13600-13800	sama				1				1												1									
13800-14000	hálgroinn melur/lyngmói				1																3									
14000-14200	lyng-og grasmóar m/ vikuröldum og djáveitum											1					1				3							1		
14200-14400	sama				1	1															4						1			
14400-14600	mest lyngm. m. mela- og vikurbl./djáveitum								1												3									
14600-14800	50/50 lyngmóar/vikurmelar				1																1									
14800-15000	sama, en fer síðan alveg úti mel				1																									
13400-15000	alls				6	1			2				1			1		1			17						1	1		
15000-15200	melur með gróðurteygjum																													
15200-15400	sama				1																									
15400-15600	sama nema mosi og gróður við rætur kúlnnar																													
15600-15800	sama																				1									
15800-16000	sama + hraunnibbur & nokkur mosi																													
16000-16200	vikurmelar																													
16200-16300	lyngmói - lækjarfarvegur, taln lauk 1407																													
15000-16300	alls				1																	1								
Alls		2	6	54	24		8	4	14	8	2	20	22	10	6	2	176	12		2	2	2	2	2	2	2	210	6		